

## Listi Sjálfstæðismanna samþykktur

### Fulltrúaráð minnst Magnúsar Kjarans

FRAMBOÐSLISTI Sjálfstæðisflokksins við borgarstjórnarkosningarnar í Reykjavík var samþykktur á fjölmennum fundi fulltrúaráðs Sjálfstæðisfélaganna í gærkvöldi. Höskuldur Ólafsson, bankastjóri, flutti framsögu kjörnefndar í forföllum Birgis Kjarans, alþingismanns, formanns nefndarinnar. Í upphafi fundar minntust fulltrúarnir Magnúsar Kjarans, stórkaupmanns, sem lézt í gær. —

Magnús Kjarans minnt Guðmundur Benediktsson, borgargjaldkeri, setti fund fulltrúaráðsins í fjarveru Birgis Kjarans og stakk upp á Jóhanni Hafstein, bankastjóra, sem fundarstjóra. Jóhann Hafstein mælti síðan á þessa leið:

„Magnús Kjaran, stórkaupmaður varð bráðkvaddur að heimili sínu í dag.

Með Magnúsi Kjaran er fallinn í valinn landskunnur ágætismaður, flokksbróðir og samherji okkar. Hans verður lengi minnt fyrir marga höfuðkosti, sem góðan dreng mega prýða.

Hans verður minnt sem hins glæsilega íþróttamanns á æskuárum.

Hans verður minnt sem framherja í kaupsýslumannastétt Íslands.

Hans verður minnt sem framúrskarandi bókamanns, unnanda bókmennta og lista.

Og fáir munu gleyma frægð þeirri, sem Magnús Kjaran gat sér sem framkvæmdastjóri og oddviti undirbúnings- og viðbúnaðar Íslendinga við hin eftirminnilegu hátiðahöld á Þingvöllum á 1000 ára afmæli Alþingis 1930. Urðu þá alþjóð og erlendum tignargestum kunnir hinir framúrskarandi skipulags- hæfileikar þessa bjartsýna hugsjónamanns, sem byggði áraði sítt á traustri atorku og óbilandi elju.

Ég leyfi mér að votta konu hans og fjölskylduliði, og þá ekki sízt okkar ágæta formanni fulltrúaráðs Sjálfstæðisfélaganna í Reykjavík, innilega samúð.

Ég bið yður, fulltrúaráðsmenn Sjálfstæðisfélaganna í Reykjavík, að taka undir þessar samúðarkveðjur og heiðra minningu hins mæta manns, Magnúsar Kjarans, með því að rísa úr sætum.“

Fundarmenn risu úr sætum í minningu um hinn látna.


Nokkrir fulltrúar hætta.

Höskuldur Ólafsson, bankastjóri flutti síðan framsögu fyrir kjörnefnd. Rakti hann störf nefndarinnar og gat þess m.a., að nokkrir núverandi borgarfulltrúar og varafulltrúar hefðu ekki óskað að taka sæti á hinum nýja lista. Las hann síðan upp tillögur kjörnefndar, sem síðar á fundinum voru samþykktar og birtar eru á öðrum stað í blaðinu.

Þá voru frjálssar umræður um álit kjörnefndar. Þeir Guðmundur H. Guðmundsson sjómaður og Bjarni Guðbrandsson pípuलगningam, gerðu hvor um sig stuttar áthugasemdir um að þeir hefðu kosið að meira tillit hefði verið tekið til tiltekinnna stétta. Hinsvegar báru þeir ekki fram breytingartillögur við listann. Hinn fjölmenni fundur samþykkti síðan listann með öllum greiddum atkvæðum gegn þremur.

Ætíð ríkt samhugur.

Geir Hallgrímsson, borgarstjóri kvaddi sér hljóðs. Hann þakkaði Framh. á bls. 23



Á morgun er sumardagurinn fyrsti, og af því tilefni birtum við þessa mynd af tvílembu og lömbunum hennar. Myndin var tekin upp við Geitháls í gær. (Ljós. Mbl. Ól. K. M.)



## Magnús Kjaran stórkaupmaður látinn

MAGNÚS Kjaran, stórkaupmaður, varð bráðkvaddur á heimili sínu, tæpra 72 ára að aldri. Magnús var einn af þekktustu borgurum þessa bæjar. Hann var um áratugaskeið einn stærsti innflytjandi landsins og forystumaður í félagssamtökum stórkaupmanna.

Magnús var fæddur í Vælu gerði í Flóa 19. apríl 1890 og vantaði því aðeins tvo daga til að ná 72 ára aldri. Foreldrar hans voru Tómas Eyvindarson og Sigríður Pálsdóttir. Hann stundaði verzlunarnám og varð meðeigandi í verzluninni Liverpool í Reykjavík 1918 og aðaleigandi 1925—30. Þá gerðist hann stórkaupmaður og rak eftir það umfangsmikla heild sölu.

Magnús Kjaran var fram-

kvæmdastjóri Alþingishátíðarinnar á Þingvöllum árið 1930. Á herðum hans hvíldi mesta starfið og ábyrgðin á hátiðahöldunum og sé hægt að nefna einn mann öðrum fremur, sem ber að þakka hve vel hátiðin tókst, þá er Magnús var um langt árabil í stjórn Félags ísl. stórkaupmanna og Rauða kross Íslands og starfaði í fjölmörgum öðrum félagasamtökum. Hann var og ræðismaður Svía á Íslandi.

Magnús Kjaran var kvæntur Soffiu Franzdóttur, sýslumanns Siemsen, og lifir hún mann sinn. Þau eignuðust 4 börn, Birgi, alþingismann, Eyþór, verzlunarmann, Þór- unni, sem gift er Pétri Ólafssyni, forstjóra og Sigríði, gifta Sigurjóni Sigurðssyni, lög- reglustjóra.

## Fiskifræðingar vilja lagfæringu á kaupum

FISKIFRÆÐINGAR hafa farið fram á að fá lagfæringu á kaupum sínu. Telja þeir, að laun þeirra séu lægri en annarra sérfræðinga, sem vinni að rannsóknarstörfum í þágu sjávarútvegsins, og að þetta misrétti hafi verið allt frá árinu 1955. Benda þeir á, að verkfræðingar og efnifræðingar, sem vinna að slíkum rannsóknarstörfum, muni um langt skeið hafa haft betri kjör og taki laun skv. verkfræðingataxta, sem er hærri en laun fiskifræðinga almennt.

Fiskifræðingar hafa skrifað atvinnuáráðuneytinu bréf, þar sem þeir kveðast treysta yfirvöldunum til þess að kippa þessu lag. Hér sé um greinilegt ósamræmi að ræða, sem hljóti að verða eiðrétt. Fáist slík lagfæring ekki, segjast þeir tilneyddir til að af-

henda uppsagnir sínar 1. maí nk. Minna má á það, sem Morgunblaðið fjallaði um í leiðara á sínum tíma, að óneitanlega er ósamræmi í því, að sá fiskifræðingur, er stjórnaði sildarleit og sildarrannsóknnum á síðastliðnu sumri, Jakob Jakobsson, var ekki nema rétt um hálfdrætingur á við háseta á meðalsildveiðiskipi, hvað kaup snertir. — Benda fiskifræðingar og á það, eins og aðrir háskólaborgarar, að starfsævi þeirra er mun styttri en annarra.

## Fimmtán veikjast í veizlu

TALIÐ er, að allútbreidd og hastarleg matareitrun hafi orðið í fermingarveizlu einni, sem haldin var hér í bæ um helgina. Veiktust 15 manns í veizlunni, en líklegt er, að heildartala þeirra, er orðu veikir, sé milli 30 og 40. Maturinn mun hafa komið frá veitingahúsi. — Mál þetta er í athugun hjá viðkomandi aðiljum, en niðurstöður lágu ekki fyrir í gærkvöldi.

## Dregið í Happdrættisláni ríkissjóðs

DREGIÐ hefir verið í A-flokk happdrættisláns ríkissjóðs: — 75 þúsund króna vinningur kom á nr. 96.113, 40 þús. kr. á nr. 142.565, 15 þús. kr. á nr. 31040 og 10 þús. kr. á 19194, 53863 og 56623. — Birt á ábirgðar.

## Áfengi fyrir 44 milljónir fyrsta ársfjórðunginn

FYRSTU þrjá mánuði þessa árs hefur selzt áfengi í landinu fyrir 43.885.608 krónur, en á sama tíma í fyrra fyrir 38.570.914 krónur. Salan nú er því rúmum 5,3 milljónum króna meiri en í fyrra. Miðað við útsöluástandi var áfengissalan þessi í þúsundum króna frá 1. jan. til 31. marz (í svigum tölur frá í fyrra):

Reykjavík ....	37.099	(32.489)
Akureyri ....	3.672	(3.267)
Ísafjörður ....	1.537	(1.096)
Síglufjörður ..	834	(887)
Seyðisfjörður ..	743	(832)

## Morgunblaðið

VERZLUN Kaupfélags Kjalnesþings í Mosfellssveit, hefur tekið Morgunblaðið í lausasölu. Um helgar er þar einnig opið, m. a. vegna bensínsölu.

★  
Skiðaskálinn í Hveradölum, helzti áningastaðurinn vestan Heiðar, hefur einnig tekið Morgunblaðið í lausasölu.

★  
Þá er Morgunblaðið einnig selt í Ellabúð í Selási.

## Skákþingið

LEIKAR FÓRU svo í þriðju umferð, að Friðrik Ólafsson vann Ingvar Ásmundsson, Gunnar Gunnarsson vann Gylfa Magnússon og Sigurður Jónsson vann Benóný Benediktsson. — Aðrar skákir fóru í bið.